


Fréttatilkynning frá Náttúrufræðistofnun Íslands, 15. júní 2007

Rjúpnastofninum hnignar

Rjúpnatalningar Náttúrufræðistofnunar Íslands nú í vor sýna fækkun um nær allt land, að meðaltali um 27% frá síðasta ári. Þetta er annað árið í röð sem rjúpum fækkar en árin tvö þar á undan (2003/2004 og 2004/2005) óx stofninn um 80–100% á milli ára. Ástand rjúpnastofnsins í vor er slæmt og ekki í samræmi við það sem vænta mátti. Áður hefur stofninn vaxið í fjögur til fimm ár í uppsveiflu og síðan fækkað á ný. Rjúpum fækkar annað árið í röð í nær öllum landshlutum. Mat á veiðipoli rjúpnastofnsins mun liggja fyrir í ágúst í kjölfar mælinga á varpárangri rjúpna nú í sumar.

Árlegri vortalningu Náttúrufræðistofnunar Íslands á rjúpu er lokið. Talingar gengu ágætlega og voru rjúpur taldar á 41 svæði í öllum landshlutum. Frumniðurstöður sýna að fækkun varð á nær öllum svæðum líkt og árið 2006 (sjá meðfylgjandi mynd frá talningum á Norðausturlandi og í Hrísey). Aðeins á austanverðu landinu virðist vera um kyrrstöðu að ræða. Að meðaltali nam fækkunin 27% samanborið við 12% fækkun árið 2006 (sjá meðfylgjandi töflu).



Niðurstöður karratalninga á sex svæðum á Norðausturlandi og í Hrísey á Eyjafirði, frá 1981–2007.

Alls voru taldir um 1400 karrar í talningunum nú í vor sem er um 2,5% af áætluðum heildarfjölda karra í landinu samkvæmt nýju stofnstærðarmati. Áætlað er að farið hafi verið um 3% af grónu landi neðan 400 m hæðar á landinu. Um 50 manns tóku þátt í talningunum að þessu sinni.

Íslenski rjúpnastofninn sveiflast mikið af náttúrulegum orsökum. Fyrri hluti 20. aldar einkenndist af mjög háum toppum í rjúpnahámörkum og var sá síðasti í þeirri röð árið

1955. Síðustu áratugi hefur hins vegar gætt langtímaleitni niður á við í stofninum. Þannig hafa rannsóknir á Norðausturlandi t.d. sýnt marktæka fækkun rjúpna 1981–2003, sem nam um 4% á ári. Meginástæða þeirrar fækkunar er að afföll fullorðinna rjúpna hafa aukist jafnt og þétt. Í ljósi þessarar þróunar hefur Náttúrufræðistofnun á undanförunum árum lagt til að dregið yrði verulega úr rjúpnaveiðum og árið 2003 lagði stofnunin til fimm ára veiðibann. Í framhaldi af því ákvað umhverfisráðherra að friða rjúpur í þrjú ár eða til haustsins 2006 en sem fyrr segir var friðuninni aflétt haustið 2005 í kjölfar mikillar uppsveiflu í stofninum.

Hlutfallslegur vöxtur rjúpnastofnsins á friðunarárunum 2003–2005 á sér ekki hliðstæðu á síðari árum og var þess vænst að uppsveifla stofnsins mundi vara í 4–5 ár eins og raunin hefur oftast verið á síðustu áratugum. Nú bregður hins vegar svo við að vöxtur stofnsins stöðvast eftir aðeins tvö ár og niðursveifla er hafin. Miðað við fyrri reynslu má gera ráð fyrir að hún muni vara næstu 4–5 ár.

Mat á veiðipoli rjúpnastofnsins mun liggja fyrir í ágúst í kjölfar mælinga á varpárangri rjúpna nú í sumar.

Nánari upplýsingar um ofanritað veitir Ólafur Karl Nielsen, okn@ni.is eða í sínum 5 900 500, 5 900 504 og 843 9935.

Með kveðju,

Álfheiður Ingadóttir,
alf.ing@ni.is



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

Rjúpnatalningar 2007 – Yfirlit

Svæði	Hvernig talnið	Stærð	Úrtak 2007 (karrar séðir)	Karrar/ferkm		Munur (%) 2007/06
				2006	2007	
Suðvesturland	Fækkun milli ára, meðaltal					-43%
Reykjanes	Göngusnið	133 km	24	2,24	0,48	-79
Heiðmörk	Reitatalning	4,8 ferkm	6	2,50	1,25	-50
Úlfarsfell	Reitatalning	8,0 ferkm	10	4,25	1,25	-71
Vegsnið ofan Reykjavíkur	Vegsnið	86,0 km	91	6,17	5,34	-13
Ölfusvatn	Reitatalning	2,8 ferkm	8	4,29	2,86	-33
Mosfellsheiði, vegsnið	Vegsnið	41,0 km	21	2,48	1,45	-42
Mosfellsheiði, göngusnið	Göngusnið	83,0 km	42	2,56	1,12	-56
Hrafnagjá	Reitatalning	1,7 ferkm	7	4,12	4,12	0
Vesturland	Fækkun milli ára, meðaltal					-7%
Hundastapi	Reitatalning	4,5 ferkm	7	1,56	1,56	0
Litli-Langidalur	Reitatalning	1,5 ferkm	5	5,33	3,30	-38
Skógarströnd	Reitatalning	6,3 ferkm	19	1,59	3,02	90
Mýrar, vegsnið	Vegsnið	179,0 km	63	1,71	1,38	-19
Dalir, vegsnið	Vegsnið	95,0 km	59	2,36	2,07	-38
Dagverðarnes	Reitatalning	4,1 ferkm	10	3,90	2,44	-38
Vestfirðir	Fækkun milli ára, meðaltal					-37%
Reykhólar	Reitatalning	3,3 ferkm	25	7,58	4,55	-40
Strandir-Djúp, vegsnið	Vegsnið	167,0 km	65	0,80	0,30	-59
Bjarnarnes	Reitatalning	1,6 ferkm	9	5,63	5,00	-11
Norðvesturland	Fækkun milli ára, meðaltal					-24%
Skagi, vegsnið	Vegsnið	114,0 km	35	1,67	1,09	-35
Vestur-Hún., vegsnið	Vegsnið	197,0 km	96	1,31	1,43	-10
Hegranes, vegsnið	Vegsnið	27,0 km	34	6,58	4,85	-22
Skagi, vegtalning	Vegtalning	52,0 km	30	1,19	0,58	-52
Hegranes, vegtalning	Vegtalning	29,0 km	68	2,34	2,34	0
Útanverðunes	Reitatalning	5,3 ferkm	30	7,55	5,66	-25
Norðausturland	Fækkun milli ára, meðaltal					-37%
Hrísey	Reitatalning	7,7 ferkm	95	16,23	12,34	-24
Krossanesborgir	Reitatalning	1,1 ferkm	11	11,82	10,00	-15
Birningsstaðir	Reitatalning	5,7 ferkm	21	4,74	3,68	-22
Búrfellshraun	Reitatalning	2,5 ferkm	8	3,60	3,20	-11
Hafursstaðir	Reitatalning	8,0 ferkm	15	3,38	1,88	-44
Hofstaðir	Reitatalning	4,5 ferkm	16	5,56	3,56	-36
Hóll	Reitatalning	2,4 ferkm	20	13,33	8,33	-38
Laxamýri	Reitatalning	3,7 ferkm	12	7,84	3,24	-59
Pistilfjörður, vegsnið	Vegsnið	27,0 km	20	3,75	1,72	-54
Bakkafjörður, vegsnið	Vegsnið	47,0 km	24	1,81	1,02	-44
Slétta, göngusnið	Göngusnið	43,0 km	158	13,48	10,22	-24
Tjörnes, vegsnið	Vegsnið	36,0 km	37	7,21	2,91	-60
Slétta, vegsnið	Vegsnið	23,0 km	59	10,45	4,68	-55
Austurland	Fækkun milli ára, meðaltal					-5%
Jökulsárhlið	Reitatalning	4,5 ferkm	37	7,33	11,56	-29
Hérað, vegsnið	Vegsnið	107,0 km	100	2,93	3,29	19
Suðausturland	Vöxtur milli ára, meðaltal					38%
Kvísker	Reitatalning	2,1 ferkm	2	0,95	0,95	0
Skaftafell	Reitatalning	14,1 ferkm	7	0,28	0,30	75
Suðurlandsundirlendi	Fækkun milli ára, meðaltal					-32%
Suðurland	Vegsnið	196 km	36	1,74	1,19	-32
Karrar alls			1391			
	Reitir	100 ferkm			Meðaltal	-27%
	Snið	1687 km			Miðgildi	-33%